



Dagsetning: 7. mars 2023
Málsnúmer: 2203199/10.2

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Tillögur um framtíð tjaldsvæða í Fjarðabyggð

Á 772. fundi bæjarráðs sem var haldinn þann 14.11.2022 var eftirfarandi bókað vegna rekstrarforms tjaldsvæða í Fjarðabyggð:

„Framlagt minnisblað atvinnu- og þróunarstjóra um rekstrarform tjaldsvæða í Fjarðabyggð. Bæjarráð er sammála um að hefja undirbúning að breytingu á rekstri tjaldsvæða í Fjarðabyggð til framtíðar. Bæjarstjóra falið umhald málsins.“

Á fundinum voru lagðar fram tvær tillögur er varða framtíð tjaldsvæða í Fjarðabyggð.

Tillaga 1 Gert verði verðmat á öllum tjaldsvæðum Fjarðabyggðar sem byggt er á staðsetningu þeirra, aðsókn síðastliðin 10.ár, með því sé væri hægt að ná raunhæfu verðmati út frá viðskiptalegum forsendum. Vinna við verðmat yrði lokið fyrir nóvember 2023. Að loknu verðmati væri hægt að hefja ferli við hvaða svæði væri hægt væri að selja eigi síðar en fyrir lok nóvember 2023. Gera má ráð fyrir að svæðin séu og verði misjafnlega metin út frá staðsetningu og þeirri aðstöðu sem þegar hefur verið sköpuð á undanförunum árum.

1. Nauðsynlegt er að tryggja að við vinnu að verðmati verði unnið af aðilum sem ekki koma úr stjórnkerfi Fjarðabyggðar og hafa til þess þekkingu út frá viðskiptalegum forsendum, til að ekki skapist ágreiningur um aðferðafræði vinnubragða.

2. Þegar mat liggur fyrir væri næsta skref að taka matið fyrir innan bæjarráðs og í framhaldi fela fjármálasviði að útbúa söluferli á hverju svæði fyrir sig.

Miðað væri við að svæðin seljist í því ástandi sem þau eru við matið og ekki verði ráðist í frekari endurbætur, breytingar eða landmótun hvorki fyrir né eftir mat á þeim. Þessi tillaga miðar að því að losa Fjarðabyggð undan öllum rekstri tjaldsvæða í komandi framtíð og þá um leið létta á fjárhagslegum skuldbindingum sem fylgir rekstri þeirra á ársgrundvelli

Tillaga 2 Annar kostur er að Fjarðabyggð taki alfarið yfir rekstur tjaldsvæða. Með því móti má ná inn tekjum á móti rekstri til að mæta þeim kostnaði sem þegar er vegna rekstursins. Sú leið mun aftur á móti binda sveitarfélagið til áframhaldandi framkvæmda auk þess sem tryggja þarf mannauð til verka við daglegan rekstur á öllu svæðum. Þar gætu verið nokkrir valmöguleikar til reksturs;

- Möguleiki væri einnig að fækka svæðum í rekstri sveitarfélagsins en slíkt gæti verið umdeild, þá hvaða svæði skulu vera opin þar sem gera má ráð fyrir ólíkum sjónarmiðum.
- Einnig er hægt að bjóða út þau svæði sem þegar njóta mestu aðsóknar nú þegar og bjóða út til rekstur þeirra gegn fastri leiguupphæð á ársgrundvelli, þar sem tryggt væri í samningi að allur fastur kostnaður falli einnig á rekstraraðila. Tillögur þessar eru ekki tæmandi eru settar fram m.t.t. þess að hægt sé að koma málum áfram til ákvörðunar um hvert skuli stefnt sem



síðan yrði skilað til bæjarráðs til umfjöllunar í nóvember 2023 og frekari vinnu í nóvember 2023.

Atvinnu- og þróunarstjóri og skipulags- og umhverfisfulltrúi hvetur bæjarráðsfulltrúa að taka afstöðu til þessara tillagna og ákveði hvor leiðin sé farin.

Aron Leví Beck

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Valgeir Ingólfsson

Atvinnu- og þróunarstjóri

